



Nefndasvið Alþingis  
B/t Samgöngunefndar Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/1362  
komudagur 2.3.2007

Suðurkjördæmi 27. febrúar 2007

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007 – 2018, 575. mál.**

Stjórnir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa í dag samþykkt að senda yður eftirfarandi sameiginlega umsögn er varðar Suðurstrandarveg:

**„Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum lýsa vonbrigðum með tillögu um fjármagn til uppbyggingar Suðurstrandarveggar í nýframkominni tillögu að 12 ára samgönguáætlun. Samkvæmt tillögunni er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki fyrr en á 3. tímabili áætlunarinnar eða á árunum 2015 -2018.**

**Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar af þessu tilefni:**

**Fyrirheit um lagningu Suðurstrandarveggar voru gefin í tengslum við kjördæmabreytinguna árið 1999 og jafnframt að fjárframlög til hans hefðu ekki áhrif á fjárveitingar til annarra samgönguframkvæmda í hinu nýja kjördæmi. Framkvæmdin var talin eðlilegur þáttur í að gera kjördæmið að einni landfræðilegri heild**


**Ef samgönguáætlunin gengur eftir að þessu leyti þá er ljóst að framkvæmdir við veginn munu taka um 15 ár áður en hægt er að taka hann í notkun. Jafnframt er ljóst að að þeir kaftar hins nýja vegar sem smám saman munu verða tilbúnir munu hafa afar takmarkað notkunargildi fyrr en vegarlagningunni er að fullu lokið. Af þessu má ljóst vera að óeðlilega langur tími líður þar til að það fjármagn sem lagt verður í veginn fer að skila þeim samfélagslega arði sem því er ætlað og verður að átélja slíka meðferð opinberra fjármuna.**

**Lagning Suðurstrandarveggar er brýnt hagsmunamál fyrir Sunnlendinga og Suðurnesjamenn. Auk þess sem nefnt hefur verið í lið 1, er ljóst að lagning vegarins hefur mikla þýðingu í atvinnulegu tilliti, einkum fyrir ferðaþjónustu og sjávarútveg sem hafa verulegan hag af hinum nýja vegi. Þá er vegarlagningin ennig mikilvæg öryggisaðgerð. Reykjanesskaginn, þ.m.t. höfuðborgarsvæðið er eldvirkt svæði og því mikilvægt að vera ekki háð einni eða fáum samgönguleiðum.**

**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum leggja því þunga áherslu á að lagningu Suðurstrandarvegur verði hraðað og henni lokið á næstu 4 árum án þess að það hafi áhrif á aðrar samgönguframkvæmdir í kjördæminu”.**

*Þetta tilkynnist þér með.*

*Virðingarfyllst,*

  
Þorvaldur Hjaltason  
framkvæmdastjóri SASS

  
Guðjón Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri SSS

*Afrit sent  
Samgönguráðherra  
Þingmönnum Suðurlkjördæmis  
Vegagerðinni*